

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Bjartahlíð

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og narsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós Björtuhlíðar	4
Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	5
Um innra mat í leikskólum	9
Ytra mat.....	16
Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	16
Greinargerð Dýrleif Ingvarsdóttir v/listaskála.....	18
Áherslur- umbótaáætlun - Björtuhlíðar fyrir starfsárið 2018-2019	18
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	31
Foreldrasamvinna.....	31
Samstarf leik – og grunnskóla.....	32
Skipulagsdagar.....	33
Fylgigögn.....	33

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós Björtuhlíðar

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag.

Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjörbreyttar leiðir og tækifæri til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfafólk Björtuhlíðar hefur valið sér þrjú gildi sem leikskóinn stendur fyrir þau eru: Gleði, samvinna, jákvæðni.

Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið gekk að mestu leit vel. Aðlögun barna gekk vel milli húsa og milli deilda. Aðlögun nýrra barna gekk einnig vel. Þau byrjuðu 28.ágúst og í lok september voru flest ný börn byrjuð þá voru börnin als 125. Til stóð að gera ungarnadeild í Stakkahlíð, en þar sem biðlistinn var langur af eldir börnum reyndist það óhentugt að sinni.

Þann 3. október var fundur í Björtuhlíð þá var kosið í foreldraráð og nýja stjórn foreldrafélagslins.

Í foreldraráð voru endurkjörnir tveir fulltrúar og einn nýr bættist við. Fundir í foreldraráðinu voru fjórir. Í stjórn foreldrafélags voru allir stjórnarmenn nýir. Báðar þessar stjórnir stóðu sig með mikill þrýði. Á sumarhátíð leikskólans færði félagið leikskólanum 7 nýjar stafrænar myndavélar, eina á hverja deild leikskólans.

Í lok október reyndist okkur erfitt að hafa opið frá 7:30 til 17:00 vegna langtímaveikinda starfamanna sem sinntu skilavakt. Brugðist var við með því að stytta opnunartíma í 7.30- 16.30. Það varði til 1 júní, þá voru ráðnir til starfa sumarstarfamenn. Bjartahlíð fékk einnig „sumarliða“ sem var ráin vegna kynningaáttaks SFS á störfum í leikskólum Borgarinnar.

Reksturinn var 5% umfram fjárhagsáætlun. Skýringin er helst sú að sumarlokun 2017 var aðeins tvær vikur en ekki fjórar.

Talsverðar breytingar urðu í starfsmannahópnum á skólaárinu. Nokkurn tíma tók að manna leikskólann að hausti en það gekk að lokum og öll börn fengu aðlögun á tilsettum tíma. Í stjórnunarteymi skólans urðu tvívegis skipti á deildastjóra í Furuhlíð. Við endurheimtum fyrrverandi starfsmann sem tók að sér deildastjórn í Grenihlíð ásamt öðrum deildastjóra sem kom úr ársleyfi. Einn deildastjóri kom úr tveggja ára veikindaleyfi og tók við deildarstjórn í Hömrum. Skipti urðu á verkefnastjóra um áramót í Grænuhlíð. Tveir starfsmenn voru í launuðu námsleyfi. Við höfðum skiptinema frá AUS allt skólaárið í Björtuhlíð í Stakkahlíð og einnig einstakling „Atvinna með stuðning“ í 50%. Það hefur gengi mjög vel.

Áherslur Björtuhlíðar gengu ágætlega eftir.

Læsisáætlun var uppfærð, nýtt skipulag í listasmiðju í Björtuhlíð í Grænuhlíð þróaðist vel.

Við efldum þátttöku foreldra í að hafa áhrif á áherslupætti í námi barna sinna með því að taka þátt í einstaklingsnámskrágerð fyrir barn sitt.

Lögð var rík áhersla á að börnin taki meira þátt í ákvörðunum í starfinu. Deildarnar í Björtuhlíð í Grænuhlíð völdu til skiptis í lýðræðislegri kosningu hvað væri í matinn.

Áhersla var að efla útinám og sjálfbærni. Starfmannahópurinn útbjó í vor ýmiss skemmtileg verkefni s.s eins og málað á stéttina, búið til vatnsveggur, bú og trönur til listsköpunar. Þessi verkefni á útleiksvæðinu í Grænuhlíð nýttust í leik og námi barnanna. Það sem gekk ekki eftir var að fá endurbætur á útleiksvæðinu (litla garðinum) í Grænuhlíð sem við höfum hugmyndir um að veði markviss útikennsla. Ljóst er að það þarf ýmislegt að koma til svo hægt sé að koma því í farmkvæmd.

Eitt af markmiðum ársins var að styrkja okkur í innleiðing fjölmennningar. Við efldum okkur á margan hátt í samstarfi okkar við þá fáu erlenda foreldra og börn sem eru í leikskólanum. Nýttum okkur túlkaþjónustu sendum tölvupósta á fleiri tungumálum fengum fræðslu á starfsdegi um fjölmenningu og flóttamenn.

Það sem gekk best og var áberandi umbót í starfinu var aukinn áhersla á málþroska, lestrarhæfni og lesskilning hjá börnunum. Allir starfsmenn fóru á námskeið í „Lubbi og málbeinið“ og efldu það starf, einnig var tekið upp „orðaspjall“ en það er aðferð sem unnið er með litla hópa, lesin saga og orð úr sögunni rædd og útskýrð.

Starfamannahópurinn var samstillur og átti margar góðar stundir utan vinnutímans. Þar sem leikskólarnir í Reykjavík stóðu frammi fyrir margs konar vanda vegna ráðninga og álagas í starfi, haustið 2017, var veitt fjarmagn til að efla starfandann með sameiginlegri stund eða upplifun. Við völdum að fara úr að borða á Nauthól. Það var nokkurskonar árshátíð sem allir tóku þátt í. Það var einstaklega vel heppnað. Það er von mín að hægt verði að endurtaka það.

Aðgerðaráætlun SFS sem birt var í apríl, til að mæta manneklu og efla mannauð í leikskólanum hleypti ákveðinni bjartsýni í starfsfólk í Björtuhlíð.

Eftir uppgjör árið 2016/2017 stóð Bjartahlíð mög vel og niðurstaðan reyndist rúmlega 600.000 þúsund í plús. Þetta fjármagn var notað til að endurnýjar húsgögn í kaffistofu starfsmanna í Grænuhlíð 24, húsgögnin höfðu ekki veri endurnýjuð í 20 ár.

Í maí var allt tölvukerfið uppfært og sett í Microsoft 365. Þessi breyting tók tíma. Nú er hver starfsmaður skráður sérstaklega í tölvukerfið og við eigum greiðan aðgang að gögnum sama

hvar við eru að vinna við fengum tölvufræðing á starfsdegi til að kenna okkur. Þetta var mikil og góð breyting.

Í byrjun mars var ákveðið að haust 2018 yrði leikskólinn Bjartahlíð í Stakkahlíð skilgreind með tvær undbarnadeildir 30- 32 börn.

Sett var fram áætlun um hvernig breytingarnar yrðu gerðar.

Áætlun gerði ráð fyrir að fækkað yrði um 8 börn í Stakkahlíð. Þess vegna var ákveðið að í starfstöðinni væru tvær deildir í stað þriggja. Á opna leikrýminu í miðjum skólanum þar sem áður var deild, verði matast. Á því svæði væri skipulagt flæði á leik barnanna. Þær breytingar gæfu möguleika á meira leikrými fyrir börnin á deildum. Börnunum yrði aldursskipt 16 börn í Hlíð og 14 börn í Holti

Breytingar sem rekstraaðili gerði voru: Hiti í gólf í þremur stofum. Fækkun á hólfum í fataherbergi, sett upp hilla fyrir bílstóla. Skilrúm tekin niður á salerni. Fyrirhuguð er breyting á næsta ári á útileiksvæði fyrir ungbörn.

Leikskólastjóri og Deildastjóri fóru til London á ráðstefnu „The ToWe Project“ Enhancing Opportunities for Toddlers Wellbeing. Ráðstefnan var kynning á Erasmus verkefni fjögurra landa. Verkefnið hafði það markmið að auka gæði í starfinu með yngstu börnunum. Þessi umfjöllun var kærkomin í nýtt verkefni sem var að undirbúa ungbarnadeild í Björtuhlíð. Verkefnastjórar Herdís Jónsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir ásamt deildastjórum leiða breytingarferlið.

Breytingaráætlun okkar vegna ungbarnadeilda var eftirfarandi:

- Á starfamannafundur í apríl þar sem starfsfólki starfstöðvarinnar voru kynntar breytingarnar.
- Starfsmannafundur í maí fór Kristín Gunnarsdóttir deildastjóri fór yfir nýjar og gamlar áherslur í faglega þætti leikskólans miðað við ungbörn. Samstarf kennara skipulag og foreldrasamstarf.
- Starfsfólk fór í heimsóknir í nokkra leikskóla til að skoða ungbarnadeildir, lögð var áhersla á að starfsfólk kæmi með sínar hugmyndir að breytingum.
- Ákveðið var að gera þær breytingar að í stað foreldrafundar með öllum nýjum foreldrum var hverju og einu foreldri boðið í viðtal í júní áður en barnið byrjaði. Lögð var áhersla á mikið foreldrasamstarf strax í aðlögun barnsins.

- Skráninga- og viðtalsblöð voru uppfærð.
- Allt umhverfi ungbarnadeildanna fékk á sig nýja mynd, með áherslu á að lækka húsbúnað svo börnin hefðu greiðari aðgang að leikefninu.
- Þar sem ákveðið fjármagn fékkst til endurnýjunar á búnaði var ákveðið að kaupa nýja stóla og borð á deildir, hillu og hlutverkakrók. Endurnýja dýnur og svampsófa.
- Að loknu sumarfríi var fundað reglulega til að fara yfir þau áform sem við höfðum sett um að breyta. Staðan metin í lok hverrar viku.

Um innra mat í leikskólum

Innra mat var gert út frá markmiðum skólaársins, lagðar voru fyrir hverja deild spurningar til að svara. **Svör frá Björtuhlíð í Grænuhlíð 24.**

Birkihlíð

Hefur endurbætt læsisáætlun haft jákvæð áhrif á starfið?

Mikil aukning á starfi á deildinni tengt læsi og málproska. Höfum unnið markvisst með bæði Lubbi finnur málbeinið og Orðaspjall. Höfum fundið fyrir auknum áhuga á stöfum, hljóðum og orðum hjá barnahópnum. Foreldrar sýna einnig Orðaspjalli áhuga. Höfum fundið að það hentar vel að vera með 4 barna hóp í Orðaspjalli en í Lubbi finnur málbeinið er hægt að vera í stærri hóp. Í samverustund þegar lesin er bók höfum við tekið eftir því að börnin eru farinn að spyrja sjálf um þýðingu orða þar sem kennarar stoppa gjarnan og tala um orðinn.

Nú þegar við förum inn í annan veturinn í þessum verkefnum þurfum við að meta nýja barnahópinn og endurskoða t.d. áherslur og fjölda í hóp. Samvinna þarf líka að vera á milli deilda með að meta hvar hópurinn er staddur hvað hann er búinn að vera að gera og hvað sé æskilegt að taki við.

Hefur breytingar á skipulagi í listasmiðju aukið möguleika barna í listsköpun.

Hvert barn hefur meiri tíma í listaskála og gefst því fleiri tækifæri til að skoða efnivið og hugsa út í hvernig það vill útfæra verkefnið. Eftir breytingu á skipulegi hefur líka skapast rólegri stund í listaskála

Teljið þið að lýðræði og þátttaka barna og foreldra hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum?

Já, margir foreldrar skrifuðu ekki neitt niður á blað en spurningarnar sem þeir fengu fyrir viðtalið fékk þá til að hugsa og komu aðeins undirbúnari en áður í viðtalið.

Fjölmennning í Björtuhlíð. Hvert er mat þitt á fjölmenningu? Hvað getum við gert betur?

Barnahópurinn á Birkihlíð var frekar einslitur í vetur. En mikið var unnið með að taka tillit til allra og að allir höfðu jafnan rétt.

Útinám barna í Björtuhlíð. Höfum við að einhverju leiti bætt aðstöðu, aukið fjölbreytni eða gert útinám barnanna áhugavert?

Málingin á stéttinni þ.e. gatan og Parísinn hefur lífgað upp á leikin í útiverunni en annað hefur lítið breyst.

Grenihlíð

Hefur endurbætt læsisáætlun haft jákvæð áhrif á starfið?

Okkur finnst ný læsisáætlun vera góð og gefa raunsanna mynd af starfinu í Grenihlíð. Orðaspjall sem var tekið upp með nýrri læsisáætlun hefur verið skemmtileg nýbreytni í starfinu. Það er áhersla á að allir fái að njóta sín í þeim hópum. Lubbi finnur málbeinið hefur markvisst verið tekið fyrir og klárur við yfirferð yfir öll hljóðin nú í vor. Við höfum trú á því að börnin séu að fá öfluga læsis og málörvun á deildinni. Allt það sem við höfum verið að gera markvisst í vetur hefur virkað vel og kennarar og börn hafa haft gaman af.

Hefur breytingar á skipulagi í listasmiðju aukið möguleika barna í listsköpun.

Breyting á listasmiðju er að okkar mati jákvæð, börnin geta unnið í lengri tíma með verkefni og ekki eins mikið stress. Það væri hægt að nota listaskálarýmið meira e.h. fyrir þá deild sem á listaskála. Þar sem lengri tími líður á milli þess að farið sé í listaskála þá mætti auka við efnivið til listsköpunar á deildinni. Kennarar mættu vera betur undirbúnir fyrir listasmiðjuviku og vera búnir að skipuleggja betur með börnunum hvaða verkefni verða tekin fyrir í listasmiðjuvikunni

Teljið þið að lýðræði og þátttaka barna og foreldra hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum

Við teljum að þátttaka foreldra í leikskólastarfinu hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum. Við þurfum þó að gefa nýju skipulagi tíma til að þróast og gera meiri kröfu á foreldra að koma með markmið með sér í viðtölin.

Fjölmennning í Björtuhlíð. Hvert er mat þitt á fjölmenningu? Hvað getum við gert betur?

Vinna með fjölmenningu hefur ekki verið mikil á deildinni. Hér er aðeins eitt barn sem er af erlendum uppruna. Við finnum þó að mun meiri tími fer í foreldrasamstarf þegar samskiptin

fara fram með google translate. Við reynum að gera vel en það er helst tímaskortur sem hamlar. Við erum alltaf að læra eitthvað nýtt og en alltaf má gera betur.

Útinám barna í Björtuhlíð. Höfum við að einhverju leiti bætt aðstöðu, aukið fjölbreytni eða gert útinám barnanna áhugavert?

Börnin hafa verið að nota þrautir sem málaðir voru á stéttirnar hjá okkur á skipulagsdegi í vor. Einnig hafa þau eitthvað verið að nota vatnsvegg. Ekki hefur komið reynsla á “trönuspjöldin” sem fest voru upp austan við Furuhlíð. Með því að vera með skipulagðar stöðvar á útisvæði og fara reglulega í vettvangsferðir ætti útinám sumarsins að vera í góðum málum. Í vettvangsferðir er æskilegt að hafa meðferðis verkfæri sem ýta undir rannsóknir á umhverfinu, t.d. stækkunargler, krukkur og fl. Í framhaldinu þurfum við svo að huga að skemmtilegum verkefnum yfir vetrartímann til að gera útiveruna að góðum kosti í leik og námi allt árið.

Reynihlíð

Hefur endurbætt læsisáætlun haft jákvæð áhrif á starfið?

Starfsmaður á deildinni fór á námskeið (hjá Miðju máls og læsis) um læsi þar sem kennt var um Orðaspjalls aðferðina og fleira sem tekið var upp í starfi deildarinnar. Við tókum inn orðaspjalls aðferðina á vorönn en ekki tókst að gera það eins oft og við vildum vegna þess að erfitt er var að taka fá börn í stund þegar fáir starfsmenn eru. Áhersla var áfram höfð á að efla læsi á ýmsan hátt með samveru- og lestarstundum og að hafa ritmál sýnilegt og mikilli vinnu með Lubba og málbeinið sem skilaði sér í að mörg barnanna eru orðin læs.

Hefur breytingar á skipulagi í listasmiðju aukið möguleika barna í listsköpun.

Breytingar voru á skipulagi í um áramótin í fyrra þar sem hver deild er með listasmiðju í viku í senn á 4 vikna fresti í stað þess að hafa einn dag í viku.

Kostirnir eru að hægt er að gera stærri verkefni og meiri sköpun þar sem börnin hafa meira um það segja hvað gert er en gallinn er að hvert barn fer bara í listaskálann einu sinni í mánuði. Gott væri ef hægt væri að skipuleggja betur fyrirfram með verkefnastjóra listaskála hvað á gera.

Teljið þið að lýðræði og þátttaka barna og foreldra hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum

Við gefum börnunum tækifæri á að velja sér verkefni og hvernig verkefnin eru unnin. Við höfum unnið með könnunaraðferð í skapandi starfi og tókum upp svæðaval á vorönn.

Foreldrar hafa fengið foreldraviðtöl tvisvar á ári og foreldrafund á haustin þar sem þeim er gefin kostur á að koma sínum sjónarmiðum að auk þess sem þau eru reglulega upplýst með póstum og boðið að koma með spurningar og athugasemdir þegar þau vilja með póstum eða aukaviðtölum.

Fjölmennning í Björtuhlíð. Hvert er mat þitt á fjölmenningu? Hvað getum við gert betur?

Á deildinni voru 6 börn á deildinni með erlent foreldri og þar af 4 börn sem töluðu enga Íslensku þegar þau komu (þau voru ekki lengi á deildinni). Það hjálpaði að hafa starfsmann á deildinni sem að talaði spænsku. Það gerði sögustundir óneitanlega erfiðari að hafa með börn sem að skildu illa málið en reynt var að koma til móts við þau með að hafa einfaldara mál og meiri gangvirkni.

Einnig eru nokkrir starfsmenn af erlendu bergi brotnir starfandi í leikskólanum.

Útinám barna í Björtuhlíð. Höfum við að einhverju leiti bætt aðstöðu, aukið fjölbreytni eða gert útinám barnanna áhugavert?

Við notuðum starfsdag í vor í að gera garðinn áhugaverðari með því að mála París og mála umferðarlínur fyrir hjól, sullu vegg og „matardrulluhorn“ og listavegg. Vegna veðurs og manneklu hefur verið minna um vettvangsferðir en við hefðum viljað. Þó höfum við farið reglulega í kringlubókasafn og kíkt í göngutúra í Hlíðaskóla og í Björtuhlíð í Stakkahlíð auk heimsókna í leikhús, Hörpu, tónlistarskóla Sigursveins, Hlíðaskóla og Hvalasafn. Svo væri gaman að kíkja á Náttúrufræðistofu Kópavogs og Húsdýragarðinn í sumar.

Furuhlíð

Hefur endurbætt læsisáætlun haft jákvæð áhrif á starfið?

Læsisáætlun Björtuhlíðar var uppfærð og höfum við tekið mið að henni og reynt að samlaga hana inn í okkar starf.

Vorum með „Lubbi finnur málbeinið“ í skipulögðu starfi 2x í viku þar sem farið var í hvern staf fyrir sig, lögin sungin, nöfnin klöppuð og rímað. 21 barni var skipt niður í tvo hópa og voru aðra hverja viku í Lubba verkefninu.

Verkefnið fór vel af stað en lagðist niður eftir of stuttan tíma. Einnig töluðu starfsmenn um að hóparnir væru of stórir og erfitt að ná til þeirra í svona stórum hópum. Þessi atriði þarf því að fínstilla næsta skólaárið.

Orðaspjall var ekki innleitt hjá okkur þetta árið og því ekki markvist unnið með orð út frá lesefni sem átti að auka orðaforða hjá börnunum.

Að svo mæltu var hinsvegar oft lesið fyrir börnin utan samverustandana, en það var ekki gert á skipulagðan hátt og ekki skrifað niður hverjir höfðu verið að hlusta.

Mætti því reyna að byrja á að skrá niður hvaða börn eru að hlusta þegar bækur eru lesnar upp utan samverutímans, minka hópana (þau koma mörg saman til að hlusta í einu) og að lokum ná að þróa yfir í orðaspjallshópa.

Við höfum ekki getað uppfært mikið bækur á deildinni fyrir börnin sem þau skoða sjálf vegna skemmda á bókunum. Eflaust er þetta eitthvað sem gæti lagast með nýjum hópi en kannski er þetta tengt aldrinum.

Hefur breytingar á skipulagi í listasmiðju aukið möguleika barna í listsköpun.

Listasmiðjan hefur ekki verið nýtt eins og hægt væri. Í vetur hafa börnin aðeins farið niður á sínum dögum en hún ekki nýtt eftir hádegi. Hér væri hægt að nota listasmiðjuna í skipulögðu starfi eftir hádegi en til að svo yrðið þyrfti að undirbúa hvað gera skildi, að einhverjum hluta, í þessum tíma (hvort um væri að ræða þema eða ræða við börnin á einhverjum ákveðnum dögum þyrfti að ath með). Einnig þyrfti að samtvinna hópátímana við hinar deildarnar svo ekki yrðu árekstrar.

Teljið þið að lýðræði og þátttaka barna og foreldra hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum

Í haust var breitt skipulaginu á hvernig foreldraviðtölin voru sett upp og fengu foreldra að taka meira þátt í því að mynda einstaklingsnámskrá barnsins síns.

Verkefnið fór vel af stað í haust, en var ábótavant í vor. Að því sögðu var þátttaka foreldra ekki mikil í verkefninu í haust, en fáir höfðu svarað spurningunum sem lagðar voru fyrir áður en foreldraviðtal hófst.

Helsta sem er út á verkefnið að setja er hve tímafrekt það er að bæta þessum þætti við ofaná þá vinnu sem þegar er á kennara deildarinnar að undirbúa viðtölin og klára.

Fjölmennning í Björtuhlíð. Hvert er mat þitt á fjölmenningu? Hvað getum við gert betur?

Ekki hefur verið sérstaklega unnið með fjölmenningu á deildinni í vetur þar sem ekki hefur þótt sérstök ástæða til þess. Hins vegar má bæta það og vinna betur með seinna.

Útinám barna í Björtuhlíð. Höfum við að einhverju leiti bætt aðstöðu, aukið fjölbreytni eða gert útinám barnanna áhugavert?

Útinám hefur yfirleitt verið unnið á sumrin og hefur núna verið bætt við aðstöðu fyrir börnin hvað það varðar í formi drulluhornsins og vatnsvegginn, og er bæði vinsælt og vel heppnað. Einnig er búið að skipuleggja starf með öllum deildum úti í sumar.

Að því sögðu væri eflaust hægt að skipuleggja meiri útikennslu á veturna líka.

Einnig má deildin okkar bæta sig í því að fara meira í vettvangsferðir sem nýta mætti í útikennslu (að læra á nærumhverfi sitt). Starfsmenn eru hins vegar ekki á sama máli hvað mörg börn eiga að fara í einu til að stuðla að sem mesta öryggi þegar farið er. Það þarf að finna lausn á því áður.

Innra mat frá Björtuhlíð í Stakkahlíð - spurning um listasmiðju og útleiksvæði á ekki við.

Hlíð

Hefur endurbætt læsisáætlun haft jákvæð áhrif á starfið?

Við byrjuðum að nota Lubba sem börnunum finnst mjög skemmtilegt. Einnig settum við stafrófið á vegginn hjá okkur. Hugmynd um að setja myndrænt dagskipulag á vegg og þá frekar stórar myndir. Einnig væri gaman að hafa leskrók með fullt af mjúkum pullum eða púðum sem væri hægt að kósa sig í með bók.

Teljið þið að lýðræði og þátttaka barna og foreldra hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum

Ég get ekki sagt að nýja skipulagið í foreldraviðtölunum hafi haft mikil áhrif en það myndaðist kannski meira spjall og foreldrar fengu tækifæri til tjá sig um það sem þeir vildu leggja áherslu á í starfinu. Það voru 3 foreldrar sem skiluðu einstaklingsnámskránni í viðtalið.

Fjölmennning í Björtuhlíð. Hvert er mat þitt á fjölmenningu? Hvað getum við gert betur?

Fjölmennning er alltaf að aukast og við ættum að reyna að vera með göngin tilbúin á því tungumáli sem barnið eða foreldrar tala. Kynna okkur menningu landsins og t.d að googla barnalög og syngja í samveru. Prenta út fánana þeirra og setja á hólfin. Gaman væri að kynna matarmenningunni og fá að smakka þjóðarrétt einhvers lands .

Holt

Hefur endurbætt læsisáætlun haft jákvæð áhrif á starfið?

Endurbætt læsisáætlun hefur haft jákvæð áhrif á starfið.

Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin. Þau lesa saman og með kennurum og tala um myndir í bókunum. Persónuspjöldin hvetja börnin til frásagnar um fjölskylduna. Lubbi: unnið er markvisst með málhljóðin m.a. með söng. Lubbi fer með börnunum heim, það tengir saman heimili og skóla og hvetur börnin til að segja frá. Samverustundir hvetja börnin til að ræða efni bóka og söngva. Sama bókin er oft lesin 2-3 í röð og slíkt örvar þau til frásagnar.

Teljið þið að lýðræði og þátttaka barna og foreldra hafi aukist með nýju skipulagi á foreldraviðtölum

Lýðræði ekki aukist meðal barnanna, finnst þau ekki hafa meira val núna eða áður. Foreldrar fengu sent blað fyrir foreldraviðtöl, margir virtust betur undirbúnir undir þau en áður.

Ytra mat

Viðhorfskönnun starfamanna var framkvæmd af rekstraaðila í febrúar

Könnunin var gerð á þeim tíma þegar influensa var í hámar. Aðeins 36% starfamanna Björtuhlíðar svöruðu könnuninni. Það hefur reynst erfitt að fá starfafólk til að svara könnuninni ein af ástæðunum er að margir nota tölvupóstinn sem lítið. Niðurstaða starfamannakönnunar er að mínu mati ekki marktæk vegna lélegrar þátttöku. Niðurstaða könnunar var lækkun í öllum þáttum. Þar tel ég erfiðleika í starfamannmálum sé stærsti þátturinn. Þ.e. að ekki er mögulegt að ráða starfsfólk til starfa sem hefur leikskólakennara menntun.

Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Á síðasta starfsári voru/eru Eitt barn sem er greint með dæmigerða einhverfu, tvö sem eru með sterkan grun að vera með einhverfu og eru að bíða eftir að komast að hjá Greiningarstöðinni. Sérkennslustjóri ásamt fleira starfsfólki hefur unnið í samráði með Greiningarstöðinni og sent inn svör og greinargerð um eitt af þessum börnum sem kemst að í greiningu í sumar. Því miður er biðin löng, svo við leggjum mikla áherslu á að vera í góðu sambandi og svara öllu sem berst til okkar eins fljót og unnt er. Þessi 3 börn hafa verið með stuðningsfulltrúa, nánast allan daginn s.l. ár. Stuðningurinn hefur falist í því að gera einstaklingsnámskrá setja upp markmið sem eru oftast unnin út frá útkomu ýmissa matslista eins og t.d. APES, Íslenska Þroskalistanum eða TRAS skráningu. Þessi matskerfi / listar hjálpa mikið til við að setja upp markmið og endurmeta svo aftur að 3 til 6 mánuðum síðar. Við teljum mjög mikilvægt að unnið sé með einstaklinginn í teymi þar sem stuðningsfulltrúar, deildarstjóri, foreldrar, ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Vestur- Mið bæjar og Hlíða og sérkennslustjóri bera saman bækur sínar. Dagskipulag með myndum eða texta, snemmtækri íhlutun “vinnustund“ verður oft fyrir valinu. Börnin eru ein og sér með kennara eða stundum með smærri hópum. Tveir nemendur sóttu talþjálfun fyrir utan leikskóla á leikskólatíma. Mikil áhersla í skólaþróun okkar er að leikskóli er fyrir alla. Mikilvægt er að barnið sé hluti af hópnum og að við mætum einstaklingnum eins og hann er, með jákvæðum viðhorfum. Stór þáttur í dagskipulagi þessara barna er að efla félags-samskipta og málþroska. Sköpun og fjölbreytt leik og náms tækifæri.

Auka innlög í málörvun hefur verið fyrir 3 hópa eldri nemenda í leikskólanum. Í vetur starfaði sérkennari í hlutastarfi hjá okkur sem hélt um þessi börn og fékk hver hópur 2 kennslustundir í

viku. Mest hefur þessi þjálfun snúist um framburðar erfiðleika og málþroska. 3 börn eru af erlendum uppruna.

Nokkur börn hafa sýnt kvíða,þráhyggju eða ofvirkni einkenni og unnið hefur verið með það, fyrir hvern og einn einstakling í samráði við foreldra, starfsfólk og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar,Miðbæjar og Hlíða. Tvö börn úr þessum hópi hafa verið með auka stuðning 1 til 2 tíma á dag.

Starf sérkennslu á síðasta starfsári hefur gengið nokkuð vel. Starfsemin einkennst almennt af góðri samvinnu þeirra sem að kennslu/þjálfuninni koma og foreldrum. Rík áhersla er lögð á þátttöku þeirra. Sérkennslustóri vinnur mikið með deildarstjórum og öðru starfsfólki, þar sem endurmat og leiðir til lausna eru ákveðnar. Augljóslega settu langvarandi veikindi nokkra starfsmanna og mannekla strik í reikninginn. Það hefur ekki alltaf verið hægt að fylgja settri dagskrá og markmiðum en með bjartsýni og vilja hefur í heildina gengið vel. Enn alltaf má gera betur. Almennu eru starfsmenn sammála að það sem helst þurfi að bæta eru laun, stöðugildi á hvert barn, starfsmenn til afleysingar svo að aðrir komist reglulega í undirbúningsvinnu og í sumum tilvikum betri vinnuaðstæður. Ég held að umræðan í þjóðfélaginu um leikskóla og starfið í þeim, hafi aukist. Ég tel að fólk sé almennt að gera sér betur grein fyrir mikilvægi góðra leikskóla.

Fyrst og fremst verður ekki gert nógu vel við þá nema að stjórnvöld og ráðamenn fari að láta sig þessi mál mun meira varða. Enn með tímanum held ég að það takist.

Sérkennslustjóri hefur sótt nokkuð mörg námskeið og ráðstefnur á s.l. skólaári. Til dæmis réttindi í að nota og leggja fyrir, Snemmtæka íhlutun, AEPS matlistann, Íslenska Þroskalistann, T.R.A.S mál og þroskalistann ásamt fleiru. Öll þessi þekking og færni nýtist vel í þjálfun og kennslu með okkar börnum. Mikil áhersla er frá skólastjóra skólans að starfsmenn sækji sér og uppfæri sína þekkingu. Sérkennslustjóri vinnur mikið í samráði við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar,Miðbæjar og Hlíða og eru fundir á vegum hennar fyrir starfandi sérkennslustjóra í þessum hverfum á c.a.6-8 vikna fresti. Fundirnir eru mjög mikilvægir og þar eru oft fyrirlestrar við miðlum upplýsingum og gefum ráð, sem er stór þáttur í að þróast sem sérkennslustjóri.

Greinagerð Dýrleif Ingvarsdóttir v/listaskála

Ég tel að breytingar á skipulagi í listaskála komi til með að breyta möguleikum barnanna í listsköpun þegar lengra líður. Það tekur okkur bara tíma að aðlagast og finna „taktinn“

Börnin hafa meira val en áður. Börnin hafa mun lengri tíma en áður og geta því dvalið lengur við verkin sín. Á móti kemur að það líður lengri tími á milli heimsókna í listaskála

